

Heiti:	Mat Fjármálaeftirlitsins á kostnaði lánastofnana vegna annars vegar dóma Hæstaréttar frá 16. júní og 16. september sl. um ólögmæti gengistryggingar og frumvarpsins hins vegar.	Dags.:	26. nóvember 2010
--------	---	--------	-------------------

Alþingi

Erindi nr. P 139/S32

komudagur 26.11.2010

1. Mat Fjármálaeftirlitsins á kostnaði lánastofnana vegna dóma Hæstaréttar frá 16. júní og 16. september sl. um ólögmæti gengistryggingar

Fjármálaeftirlitið hefur metið mögulegt útlánatap lánastofnana vegna dóma Hæstaréttar Íslands 16. júní sl., mál nr. 92/2010 og 153/2010, og 16. september sl., mál nr. 471/2010. Niðurstaða matsins er sú að útlánatap lánastofnana gæti orðið 108 ma.kr. samtals. Þar af um 50 ma.kr. vegna láns- og leigusamninga til einstaklinga og 58 ma.kr. vegna fyrirtækja. Þessi niðurstaða er að mati Fjármálaeftirlitsins sú versta mögulega við þær forsendur sem matið byggðist á.

2. Mat Fjármálaeftirlitsins á kostnaði lánastofnana vegna frumvarpsins

Fjármálaeftirlitið vill taka það fram að það hefur ekki framkvæmt sérstakt mat á mögulegu útlánatapi lánastofnana miðað við að umrætt frumvarpið verði óbreytt að lögum. Á hinn bóginn hefur Fjármálaeftirlitið yfirfarið þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu sem gætu haft áhrif framangreint mat stofnunarinnar og greint möguleg áhrif þeirra. Einkum eru fjögur atriði í frumvarpinu sem geta skipt máli:

1. Í frumvarpinu virðist vera gert ráð fyrir því að kröfuhafi skuli reikna vexti á bæði of- og vangreiðslur skuldara. Fjármálaeftirlitið telur þó ekki nægilega skýrt kveðið á um það í frumvarpinu hvort lánastofnanir skuli reikna vexti á vangreiðslur.¹ Í framangreindu mati Fjármálaeftirlitsins var ekki gert ráð fyrir því að lánastofnanir gætu reiknað vexti á vangreiðslur. Möguleg áhrif þessa þáttar verði frumvarpið óbreytt að lögum er að jafnaði minna tap lánastofnana.
2. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að öll gjaldeyríslán einstaklinga til kaupa á fasteign til eigin nota og bifreiðar til einkanota skuli endurreiknuð miðað við 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í framangreindu mati Fjármálaeftirlitsins var gert ráð fyrir því að einstök gjaldeyríslán til einstaklinga væru réttmæt lán í erlendri mynt og hefðu þar af leiðandi ekki að geyma ákvæði um gengistryggingu. Möguleg áhrif þessa þáttar, verði frumvarpið óbreytt að lögum eru að tap lánastofnana eykst óverulega.
3. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að við endurgreiðslu til lögaðila sé kröfuhafa heimilt að taka tillit til allra lánsviðskipta þeirra í milli og draga frá þann ávinning sem lögaðili kann að hafa haft vegna ólögmætra vaxta- eða verðtryggingarákvæða. Í framangreindu mati Fjármálaeftirlitsins var ekki gert ráð fyrir því að lánastofnanir gætu skuldajafnað ofgreiðslur skuldara, sem væru lögaðilar, við aðrar skuldbindingar þeirra við viðkomandi lánastofnun. Erfitt er að meta möguleg áhrif þessa þáttar verði frumvarpið óbreytt að lögum en að jafnaði er gert ráð fyrir að þetta muni draga úr mögulegu tapi fjármálafyrirtækja.
4. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að vissum skuldurum sé, að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum, heimilt að ákveða hvort láns- eða leigusamningur þeirra skuli bera almenna óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands, almenna verðtryggða vexti Seðlabanka Íslands eða færa höfuðstól samningana í erlendar myntir eins og um gilt erlent lán hafi verið að ræða frá stofntíma kröfunnar. Í framangreindu mati Fjármálaeftirlitsins var einungis miðað við eina vaxtaforsendu, þ.e. almenna óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands. Fjármálaeftirlitið getur ekki metið áhrif þessa þáttar út frá fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum.

¹ Sjá umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl., (uppgjör gengistryggðra lána o.fl.), 206. mál, bls. 2.